

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi í ráðuneytinu? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?*
2. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi hjá undirstofnunum ráðuneytisins? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður hvernar stofnunar síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurliðað í laun og annan kostnað?*

1.

Eftirfarandi tafla sýnir laun upplýsingafulltrúa ráðuneytisins ásamt launatengdum gjöldum allt frá ársbyrjun 2011 þegar velferðarráðuneytið var sett á laggirnar og sameinuð gamla heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Upplýsingafulltrúi ráðuneytisins hefur jafnframt alla tíð sinnt fleiri verkefnum en þeim sem snúa eingöngu að verkefnum upplýsingafulltrúa. Annar kostnaður er ekki sundurliðaður niður á starfsmenn í bókhaldi ráðuneytisins.

	Ár	Laun ásamt launatengdum gjöldum
Velferðarráðuneytið:	2011	8.334.096
	2012	9.751.960
	2013	10.240.048
	2014	10.749.277
	2015	11.799.411
	2016	12.436.411
	2017	12.829.109
	2018	13.265.539
Heilbrigðisráðuneytið:	2019	13.490.870
	2020 til 31/10	11.521.215

2.

Óskað var eftir upplýsingum um hvort upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar væru starfandi hjá stofnunum ráðuneytisins. Svör bárust frá öllum stofnunum utan Lyfjastofnunar. Svörin voru öll með þeim hætti að stofnanir væru almennt ekki með starfandi upplýsingafulltrúa eða samskiptastjóra nema Landspítalinn, sjá hér á eftir.

	<b>Ár</b>	<b>Laun ásamt launatengdum gjöldum</b>
Landspítalinn:	2015	8.132.364
	2016	17.635.104
	2017	17.239.468
	2018	18.041.064
	2019	18.705.260
	2020 til 31/10	15.872.543

Deildarstjóri samskiptadeildar var fyrst ráðinn á Landspítala í maí 2015. Stærsti hluti verkefna samskiptadeildar lýtur að innri upplýsingagjöf. Árlega má reikna með þúsundum fjölmiðlafyrirspurna á ýmsu formi um starfsemi og rekstur spítalans og er brýn þörf á markvissri samskiptastjórnun og tilheyrandi upplýsingamiðlun. Meðfylgjandi tafla sýnir launakostnað deildarstjóra samskiptadeildar með launatengdum gjöldum frá því að stofnað var til starfsins í maí 2015 til og með október 2020 (hlé var gert á launagreiðslum í júlí 2015 vegna launalauss leyfis samskiptastjóra þann mánuðinn).